



ORKUSTOFNUN

Jarðhitaleit á Snæfellsnesi. Endurskoðuð kostnaðaráætlun

**Kristján Sæmundsson,
Ólafur G. Flóvenz**

Greinargerð KS-ÓGF-95-01



JARÐHITALEIT Á SNAEFELLSNESI
Endurskoðuð kostnaðaráætlun

Í greinargerð KS/ÓGF-93/03 er að finna rökstuðning fyrir því að taka aftur til við jarðhitaleit á Snæfellsnesi eftir rúmlega áratugar hlé á þeirri viðleitni. Lagt var til að beitt yrði grunnum hitastigulsborunum til leitar að heitustu svæðunum og þá fyrst í stað norðan megin á nesinu þar sem möguleikar á nýtingu eru bestir. Jarðgerð yrði fyrst í stað leiðbeinandi um áherslusvæði. Í greinargerðinni var á þeim grundvelli bent á fjögur svæði sem skynsamlegt væri að taka fyrir í byrjun.

Áætlað var að 15-20 holur, 40-80 m djúpar, þyrfti í fyrsta áfanga til að grófkanna þessi fjögur svæði. Síðan þyrfti 10-15 holur til viðbótar til að afmarka heitustu staðina nánar ef hár hitastigull fyndist við grófkönnun.

Rannsóknarþátturinn kringum þessa leit fælist í forathugun og staðsetningu, ráðgjöf á borunartíma, hitamælingum, e.t.v. efnagreiningum og loks skýrslugerð.

Kostnaður við þessa leit var lauslega áætlaður 4,5-5 Mkr. Nú hefur verið óskað eftir endurskoðaðri kostnaðáætlun um jarðhitaleitina, og fylgir hún hér að neðan. Tekið skal fram að verð á borunum ræðst af því hversu góðum samningum má ná við verktaka. Aðgerðum er skipt í a) grófa könnun og b) nákvæmnisleit.

- a) Gróf könnun felur í sér borun 5 holna á hverju áherslusvæði. Af þeim má gera ráð fyrir að 12 holur yrðu 45 m djúpar, 4 holur 60 m djúpar og 4 holur 80 m djúpar, alls um 1100 bormetrar. Fóðringar gætu orðið alls um 300 m. Reiknað er með að metraverð í fóðraðri holu verði 4000 kr, en 2000 kr í ófóðraðri. Ekki er reiknað með neinum aukakostnaði vegna vega eða plangerðar þar sem völ er á borum sem komast um vegleysur.

| | |
|----------------------|-------------|
| Borkostnaður alls | 3.000.000,- |
| Rannsóknarvinna alls | 700.000,- |
| | <hr/> |
| | 3.700.000,- |

- b) Nákvæmnisleit á litlu svæði, þar sem grófa könnunin gæfi vísbendingar um jarðhita gæti falið í sér um 10 viðbótarholur, hlutfallslega jafnmörgum 45, 60 og 80 m djúpum.

| | |
|--------------------------|-------------|
| Borkostnaður alls | 1.500.000,- |
| Rannsóknarkostnaður alls | 750.000,- |
| | <hr/> |
| | 2.250.000,- |

Heildarkostnaður við grófa könnun á öllum svæðunum og síðan nákvæmnisleit á einu þeirra gæti því orðið um 6 miljónir króna auk virðisaukaskatts. Nánari sundurliðun á rannsóknarkostnaði er í töflu.

Bent skal á að ~ 1000 m djúp vinnsluhola yrði tölувert dýrari en þetta. Því er nauðsynlegt að vanda sem best til undirbúningsrannsókna. Hugsanlegt er að þörf sé á meiri athugunum áður en vinnsluhola yrði ákveðin, t.d. fleiri leitarholum, jarðeðlisfræðimælingum, eða jarðfræðikönnun. Viðbótarkostnaður gæti orðið á bilinu 1-3 Mkr. Heildarkostnaður við grófa könnun og fullnaðarleit á einu svæði yrði þó enn undir verði einnar vinnsluholu. Nauðsynlegt er að fyrir liggi samþykki landeigenda á leitarborunum.

**Aætlun um rannsóknir og eftirlit í tengslum við
hitastigulsboranir á Snæfellsnesi**

Gróf könnun:**Vettvangsferðir:**

| | | | | |
|---------------------------------------|---------------------|----|------|--------|
| Staðsetningarferð, 2 X 2 dagar | Bíll | 4 | 7454 | 29816 |
| | Vinna | 56 | 2806 | 157136 |
| | Uppihald m/gistingu | 2 | 7865 | 15730 |
| | Fæðispeningar | 2 | 3850 | 7700 |
| | Samtals | | | 210382 |
| | | | | 210382 |

Eftirlitsferð, 1 dagur

| | | | | |
|-------------------------------|----------|----|------|-------|
| Eftirlitsferð, 1 dagur | Bíll | 1 | 7454 | 7454 |
| | Vinna | 14 | 2806 | 39284 |
| | Uppihald | 1 | 3850 | 3850 |
| | Samtals | | | 50588 |
| | | | | 50588 |

Hitamælingar, tækjaleiga

| | | | | | |
|---|--|------|-------|--------|--------|
| Hitamælingar, tækjaleiga | | 2400 | 21 | 50400 | 50400 |
| Efnagreiningar, 1stk heilsýni | | 1 | 32000 | 32000 | 32000 |
| Eftirlit, úrvinnsla, skýrslugerð | | 110 | 3087 | 339570 | 339570 |
| Kort, loftmyndir, skýrslukostn. | | 1 | 25000 | 25000 | 25000 |

Samtals ranns.kostn við grófa leit**707940****Nákvæmnisleit á einu svæði:****Vettvanngsferðir 2 X 2 dagar**

| | | | | |
|-------------------------------------|-----------------|----|------|--------|
| Vettvanngsferðir 2 X 2 dagar | Bíll | 4 | 7454 | 29816 |
| | Gisting og fæði | 2 | 7865 | 15730 |
| | Fæðispeningar | 2 | 3850 | 7700 |
| | Vinna | 56 | 2806 | 157136 |
| | Samtals | | | 210382 |
| | | | | 210382 |

Eftirlit, úrvinnsla, skýrslugerð**150 3087 463050****Kort, loftmyndir, skýrslukostn.****1 25000 25000****Hitamælingar, tækjaleiga****1300 21 27300****Efnagreiningar, 1 stk. heilsýni****1 32000 32000****Samtals ranns. kostn. við nákv.leitá einu svæði****547350 547350****757732**